

**Þjónustusamningur vegna barna með lögheimili í
Eyja-og Miklaholtshrepp sem stunda nám við Tónlistarskóla Stykkishólms.**

1. gr. Samningsaðilar

Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009 (hér eftir „Stykkishólmur“) og Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469, gera með sér eftirfarandi samning um þjónustu við nemendur sem eru með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi sem stunda nám við Tónlistarskóla Stykkishólms. Samningur þessi er gerður á grundvelli þjónustusamnings vegna þjónustu Stykkishólms gagnvart íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps, sem undirritaður er samhliða þessum samningi. Sá samningur skoðast sem yfirsamningur samnings þessa.

2. gr. Tilgangur og verkefni

Stykkishólmur tekur að sér að annast menntun tónlistarskólanema með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi til jafns við tónlistarskólanema með lögheimili í Stykkishólmi.

EKKI er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum nema að um það verði samið sérstaklega. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

3. gr. Stjórnskipulag

Stykkishólmur fer með framkvæmd verkefnisins. Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps skulu eiga sama rétt til þjónustu Tónlistarskóla Stykkishólms og íbúar Stykkishólms. Reglur Stykkishólms og eftir atvikum ákvörðun skóla- og fræðslunefndar, sem hlotið hefur staðfestingu sveitarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps.

4. gr. Gagngjald Eyja- og Miklaholtshrepps

Eyja- og Miklaholtshreppur greiðir fyrir þjónustuna hlutfall af kostnaði við rekstur Tónlistarskólans samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

Kostnaðinum skiptist eftir hlutfalli við kennslustundir nemenda úr hvoru sveitarfélagi.

Innifalinn er allur kostnaður við rekstur tónlistarskólans, þ.m.t. laun og launatengd gjöld, leiga fastafjármuna og annar rekstarkostnaður sem almennt fellur undir rekstur tónlistarskólans.

Ofangreindur kostnaður skal innheimtur mánaðarlega sem miðar við gildandi fjárhagsáætlun með viðaukum sé um það að ræða fyrir tónlistarskólann. Í febrúar á ári hverju eftir almanaksárið er gert uppgjör á raunkostnaði tónlistarskólans og innheimt með reikningi sem sendur er út að jafnaði 1. mars.

5. gr. Sérþarfir nemenda

Eyja- og Miklaholtshreppur og Stykkishólmur skulu greiða hvort fyrir sig allan kostnað vegna nemenda sem hafa sérþarfir umfram aðra nemendur varðandi kennslu og aðra þjónustu í tónlistarskólanum komi til kostnaðarauka vegna þeirra. Samið skal sérstaklega um þann kostnað áður en viðkomandi nemandi hefur nám við skólann og reiknast hann ekki með heildarkostnaði við skólann sem skipt er á milli sveitarfélaganna.



Stykkishólmur 10.maí 2023,

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

Signr Þórgíðun Óttarvald
Eyja- og Miklaholtshrepps

f.h. Sveitarfelagsins Stykkishólms

Jónas Þórgíðun Sigurðsson
Sveitarfelag Stykkishólms



Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift

Yrsa Ólafsson 080258-3159

Fan Sindbi Emilia 120289-2761